# ÍBV ÍÞRÓTTAFÉLAG

GJALDKERAR YNGRI FLOKKA

HANDBÓK 2026

# Gjaldkerar yngri flokka

Gjaldkerar yngri flokka skiptast niður eftir árgöngum og kyni iðkenda. Hver árgangur finnur gjaldkera í sínum foreldrahóp þegar iðkendur fara í 1. bekk, sem heldur utan um ferðasjóð iðkenda bæði í hand- og fótbolta. Gjaldkeri stofnar debetreikning í sínum viðskiptabanka með kennitölu félagsins, 680197-2029 í samráði við framkvæmdastjóra félagsins. Gjaldkeri fær debetkort tengt reikningnum sem hægt er að nota þegar iðkendur fara í keppnisferðir.

## Hlutverk gjaldkera

- Halda utan um ferðasjóð iðkenda.
- Hafa með sér stöðu iðkenda á foreldrafundi.
- Hafa eftirlit með að foreldrar skili inn peningum fyrir fjáraflanir - kalla eftir því ef dráttur er á skilum.
- Ýta við foreldrum varðandi að koma af stað fjáröflun í samstarfi við foreldraráð.
- Gera upp ferðir í samráði við gjaldkera annarra árganga í flokknum.
- Skila til unglingaráðs uppgjöri í byrjun árs.
    - Fá fulltrúa úr foreldrahópnum eða tengdan aðila til að fara með sér yfir bókhaldið í lok árs. Nauðsynlegt er að fá samþykki foreldra fyrir skoðunaraðila.

## Keppnisferðir

- Fá einn til að halda utan um bókhaldið í ferðinni (fararstjóri/þjálfari).
- Passa allar kvittanir.
- Vera með nafnalista og merkja við.
- Nauðsynlegt að vera með debetkort sem hægt er að senda með í ferðir.
- Fá allar kvittanir sem fyrst eftir ferð, sem og nafnalista.
- Fara yfir ferðakostnað sem fyrst svo ekkert gleymist.
- Gera upp rútuna við bókara þegar rútuskýrsla hefur borist.

## Kostnaður vegna Íslandsmóts eða bikarkeppni

- ÍBV greiðir mótsjöld
- ÍBV greiðir í ferðakostnað
    - Herjólf
    - Gistingu fyrir þjálfara
- ÍBV greiðir ekki kojur
- ÍBV niðurgreiðir rútukostnað
- Rútukostnaður
    - Þorlákshöfn – Reykjavík – Þorlákshöfn 4.000 kr.
    - Landeyjarhöfn – Reykjavík – Landeyjarhöfn 4.000 kr.

**Íslandsmót - lengri ferðir t.d. Ísafjörður, Akureyri**

- Flug – ÍBV niðurgreiðir 7.500 kr. pr. iðkanda
- Rúta – 12.500 kr. pr. iðkanda
- Ef eitt lið er að ferðast greiðir ÍBV fyrir einn þjálfara og einn fararstjóra
- Ef liðin eru tvö eða fleiri þá greiðir ÍBV fyrir samtals þrjá – þjálfara og fararstjóra

# Kostnaður - önnur mót

- ÍBV greiðir í Herólf fyrir iðkendur, þjálfara og fararstjóra
- Hópurinn greiðir fyrir:
  - Kojur
  - Rútu
  - Gistingu
  - Mat
  - Mótsgjöld
  - Fararstjóra og þjálfara – uppihald (mótsgjald), flug og gistingu
  - Annað

# Eldri iðkendur:

- Til að iðkendur nái að klára ferðasjóðinn sinn er gott að vera vakandi fyrir því að þeir sem eigi inneign nýti hana.
- Þegar iðkendur ná ákveðnum aldri er í lagi að láta þá fá pening fyrir ferðalögum, gott er að miða við:
  - Gisting 7.500 kr. nóttin
  - Matur í dagsferð 7.000 kr., tveggja daga ferð 14.000 kr. osvfr.

# Rútukostnaður/greiðslur:

- Rútu kostnaður:
  - Þorlákshöfn – Reykjavík – Þorlákshöfn 4.000 kr.
  - Landeyjarhöfn – Reykjavík – Landeyjarhöfn 4.000 kr.
  - Lengri ferðir t.d. Akureyri, Ísafjörður 12.500 kr.
  - Foreldrar þurfa að láta vita sólarhring fyrir brottför ef iðkandi ferðast ekki með rútunni, ef látið er vita innan sólarhrings þarf að greiða rútugjald.
  - Greiða þarf fyrir báðar leiðir, hvort sem báðar eða bara önnur er nýtt.
- Þjálfari fyllir út rútuskýrslu.
- Íþróttafulltrúi sendir tölvupóst á bókara ásamt gjaldkera viðkomandi flokks með nafnalista þeirra sem voru að ferðast.
- Gjaldkerar leggja inn á reikn. 582-26-197 kt. 680197-2029 og setja skýringu t.d. 26.09.26 5. fl. kvk handbolti
- Ekki er boðið uppá rútur fyrir 1. - 4. bekk.

# Ferðasjóður

- Hafa ber í huga að safna ekki of miklu þannig að eftir 16. aldursár verði eftir mikil upphæð sem ekki er hægt að nýta. Í félaginu er búið að setja þak á inneign:
  - Eftir að 10. aldursári líkur er ekki æskilegt að inneign sé hærri en kr. 550.000 kr.
  - Við lok 14. aldursárs á iðkandi ekki að eiga meira en 300.000 kr. í sjóð.
- Foreldrar þurfa að fylgjast vel með að inneignin sé ekki of mikil þar sem umframfé rennur inn í unglingaráð.
- Þegar iðkandi hættir íþróttaiðkun hjá félaginu þá getur viðkomandi ekki fengið inneign sína útgreidda.
  - Hægt er að færa inneign yfir á systkini (ef þau eru að æfa hjá félaginu), er það þá fært í skömmtum eftir þörfum.
  - Ef ekki er um slík tengsl að ræða þá rennur öll upphæðin til unglingaráðs.
- Þegar iðkendur eiga ekkert eða eru komnir í skuld í ferðasjóð þá verða foreldrar/forráðamenn að leggja inn á reikning í næstu ferð sólarhring áður en lagt er af stað, annars fer barnið ekki með.
- Ef iðkandi er kominn í stóra skuld í ferðasjóð og ekkert gengur að rukka foreldra/forráðamenn þá hafa gjaldkerar samband við íþróttafulltrúa eða framkvæmdastjóra félagsins sem taka við málinu.
- Þegar iðkendur hafa náð 18 ára aldri er æskilegt að gera upp reikninginn og loka í samráði við íþróttafulltrúa.

# Fjáraflanir

- Gjaldkeri ýtir við foreldrum ásamt foreldraráði varðandi fjáraflanir samanber skjal vegna fjáraflana, sjá á næstu blaðsíðum.
- Gjaldkeri hefur eftirlit með að foreldrar skili inn peningum fyrir fjáraflanir - kalla eftir því ef dráttur er á skilum.
- Ef gjaldkera gengur illa að innheimta peninga fyrir fjáraflanir frá foreldrum, þá hefur hann samband við íþróttafulltrúa sem aðstoðar hann. Ef ekkert gengur þá fer upphæðin í innheimtu í gegnum félagið.
- Gjaldkerar hafa rétta á að reikna sér einn hlut af tímafrekum fjáröflunum sem rennur inn í sjóð þeirra barns.
- Iðkendur sem eru að spila upp fyrir sig og eiga lítið í ferðasjóð geta tekið þátt í fjáröflunum með þeim flokk sem þau eru að spila uppfyrir sig með. Ef fjáröflunin er vaktir á mótunum okkar þá gengur flokkurinn fyrst fyrir og svo geta þau sem eru að spila upp fyrir sig skráð sig ef einhverjar vaktir eru lausar.
- Búið er að skipta fjáröflunum skipulega á milli árganga og eru foreldrar beðnir að virða það skjal.
- Fjáraflanir félagsins eru sameiginlegar báðum íþróttagreinum.

# Utanlandsferðir

- Á 15. eða 16. aldursári er farið í utanlandsferð.
- Fótboltaferð á sléttu ártali og handboltaferð á oddatölu ári.
- Til að geta farið í ferðina þurfa iðkendur að vera með 80% æfingasókn og að vera búin að greiða æfingagjöld.
- Gjaldkerar ganga fyrir sem fararstjórar í þessar ferðir.

**Undirbúningur**

- Íþróttastjóri aðstoðar foreldra/þjálfara við skipulag ferðarinnar.
  - Hafa þarf samband við ferðaskrifstofur í nóvember.
- Gjaldkerar hafa stofnað nýjan reikning og haldið utan um sjóðinn.
  - Fyrsta greiðsla (staðfestingargjald) oftast í janúar.
- Foreldrar skipta á sig að skipuleggja fjáraflanir.
- Gera þarf ráð fyrir í heildarkostnaði varðandi ferðina:
  - Mótsgjald
  - Leigja dýnu (boðið uppá það á sumum mótum)
  - Rúta - til og frá flugvelli
  - Gisting (KEF/REY) - ef flugið er á óhentugum tíma
  - Ferðagalli
  - Kostnaður vegna þjálfara og fararstjóra (ÍBV greiðir fyrir 1 þjálfara hjá strákum og 1 þjálfara hjá stelpum)

**Fjáraflanir**

- Stærsta fjáröflunin fyrir þessa ferð eru þrif í Herjólfsdal á Þjóðhátíð, ætlast er til að foreldrar viðkomandi barna taki þátt í þessari fjáröflun.
  - Fundur varðandi skipulag er haldinn í byrjun júlí.
  - Hafa þarf í huga að ef iðkandi hættir sinni iðkun dreifist inneign viðkomandi úr þessari fjáröflun á flokkinn.
  - Komi upp ófyrirséðar aðstæður metur unglingaráð hvert tilvik fyrir sig.
- Aðrar stórar fjáraflanir eru mótin okkar (TM Mót, Orkumót og Eyjablikksmót), ætlast er til að foreldrar viðkomandi barna taki þátt í þessum fjáröflunum.
- Aðrar fjáraflanir:
  - Álfadans á Þrettándagleði ÍBV
  - Páskaeggjasala
  - Áburðarsala
  - Bingó
  - Selja auglýsingar á ferðagalla

# Fjáraflanir eftir árgöngum

Miðað við að flokkaskipting sé í september ár hvert

### 1.og 2. bekkur

| | |
|---|---|
| Karla | 2x harðfiskur |
| Kvenna | Heimilispakkning/krydd og mandarínusala |
| Saman | Morgunmatur á TM- og Orkumóti. Eurovision nammi. |

### 3. og 4. bekkur

| | |
|---|---|
| Karla | Vaktir og þrif í Barnaskóla á TM Móti. Þrif í Alþýðuhúsi, Akóges, Kiwanis, Kviku og Safnaðarheimili á Orkumóti. |
| Kvenna | Vaktir og þrif í Hamarsskóla á TM- og Orkumóti. |
| Saman | 4x klósettpappírssala á ári. |

ATH! Gistirými á fótboltamótum geta breyst á milli ára

### 5. og 6. bekkur

| | |
|---|---|
| Karla | Vaktir og þrif í Barnaskóla á TM- og Orkumóti. |
| Kvenna | Kaffisala á fótboltaleikjum. Þrif í Alþýðuhúsi, Akóges, Kiwanis, Kviku og Safnaðarheimili + sjá um grill á TM Móti. Vaktir og þrif í Barnaskóla á Orkumóti. |
| Saman | Sjoppa á handboltamótum og selja ÍBV varning. |

ATH! Gistirými á fótboltamótum geta breyst á milli ára

### 7. og 8. bekkur

| | |
|---|---|
| Karla | Sokkasala. Safna styrktarlínum í Þjóðhátíðarblað. |
| Kvenna | Safna styrktarlínum í Þjóðhátíðarblað. |
| Saman | Sjoppa á TM- og Orkumóti . Stafla stólum og borðum í skólum fyrir Eyjablikksmót. Sala á vörum frá Grími Kokk. |

### 9. og 10. bekkur

| | |
|---|---|
| Karla | Skipulagsdagatal. |
| Kvenna | Lakkrís. |
| Saman | Kleinubakstur. Kjötsala SS. |

### Þau sem fara út:

| | |
|---|---|
| Skylda | Þrif í dalnum + dósir á Þjóðhátíð. |
| Skylda | Álfadans á Þrettándanum. |
| Skylda | Vaktir og þrif í skólum, klukkuvaktir og morgunmatur á Eyjablikksmótum. |
| Skylda | Raða upp í Höllinni, þrif í Höllinni og Listaskóla á TM- og Orkumóti. |
| | Bingo. Páskaeggjasala. Áburðarsala.<br>Selja auglýsingar á ferðagalla. |

**Skylda**

Til þess að félagið geti haldið hand- og fótboltamót þá verða allir að taka þátt í þeim fjáröflunum sem tengjast mótunum.

**Aðrar fjáraflanir**

Endurskinsmerki, selja Þjóðhátíðarblað, kaffisala, sprittkertasala, kleinusala, fisksala frá Fiskverkun VE.

# Hlutverk iðkenda á mótunum okkar

### TM Mótið í Eyjum fyrir stúlkur í 5. flokki

| | |
|---|---|
| 1.og 2. bekkur kk | Morgunmatur |
| 1.og 2. bekkur kvk | Morgunmatur |
| 3. og 4. bekkur kk | Vaktir og þrif í Barnaskóla |
| 3. og 4. bekkur kvk | Vaktir og þrif í Hamarsskóla |
| 5. og 6. bekkur kk | Vaktir og þrif í Barnaskóla |
| 5. og 6. bekkur kvk | Þrif í Alþýðuhúsi, Akóges, Kiwanis, Kviku og Safnaðarheimili + Grill |
| 7. og 8. bekkur kk | Sjoppa |
| 7. og 8. bekkur kvk | Sjoppa |
| Svíþjóðarfarar | Raða upp í Höllinni fyrir mót + þrif í Höllinni eftir hvern dag + þrif í Listaskóla |

ATH! Gistirými á fótboltamótum geta breyst á milli ára

### Orkumótið fyrir drengi í 6. flokki

| | |
|---|---|
| 1.og 2. bekkur kk | Morgunmatur |
| 1.og 2. bekkur kvk | Morgunmatur |
| 3. og 4. bekkur kk | Þrif í Alþýðuhúsi, Akóges, Kiwanis, Kviku og Safnaðarheimili |
| 3. og 4. bekkur kvk | Vaktir og þrif í Hamarsskóla |
| 5. og 6. bekkur kk | Vaktir og þrif í Barnaskóla |
| 5. og 6. bekkur kvk | Vaktir og þrif í Barnaskóla |
| 7. og 8. bekkur kk | Sjoppa |
| 7. og 8. bekkur kvk | Sjoppa |
| Þau sem fara út | Raða upp í Höllinni fyrir mót + þrif í Höllinni eftir hvern dag + þrif í Listaskóla |

ATH! Gistirými á fótboltamótum geta breyst á milli ára

### Eyjablikksmótin

| | |
|---|---|
| 5. og 6. bekkur kk og kvk | Sjoppa í íþróttahúsi |
| 7. og 8. bekkur kk og kvk | Stafla borðum og stólum í skólunum fyrir mót. |
| Þau sem fara út | Vaktir og þrif í skólum, klukkuvaktir og morgunmatur |

# Gjaldkerar yngri flokka ÍBV

## Drengir

| Árg. | Gjaldkeri | Netfang | Reikningsnúmer |
|---|---|---|---|
| 2009 | Bjarni Rúnar Einarsson | bre@laxey.is | 582-26-2017 |
| 2010 | Nanna Sigurjónsdóttir | nannaognuno79@gmail.com | 185-05-260090 |
| 2011 | Eyrún Sigurjónsdóttir | eyrunsig@gmail.com | 582-14-402411 |
| 2012 | Thelma Rós Tómasdóttir | thelmat23@yahoo.com | 582-14-136 |
| 2013 | Örvar Omrí Ólafsson | orvaromri@gmail.com | 185-15-200106 |
| 2014 | Þóra Sigurjónsdóttir | toravm@gmail.com | 133-26-2614 |
| 2015 | Guðrún Benónýsdóttir | gbenonysdottir@gmail.com | 582-26-12015 |
| 2016 | Herdís Hermannsdóttir | diza83@gmail.com | 582-14-41401 |
| 2017 | Pálmi Harðarson | palmihardar@gmail.com | 582-14-1217 |
| 2018 | Elín Árnadóttir | elinarna89@gmail.com | 582-14-966 |
| 2019 | Thelma Hrund Kristjánsdóttir | thelmahrund@gmail.com | 133-15-13578 |

## Stúlkur

| Árg. | Gjaldkeri | Netfang | Reikningsnúmer |
|---|---|---|---|
| 2009 | Örvar Omrí Ólafsson | orvaromri@gmail.com | 582-14-101995 |
| 2010 | Anna Lilja Tómasdóttir | taron@simnet.is | 582-26-2533 |
| 2011 | Örvar Omrí Ólafsson | orvaromri@gmail.com | 185-05-260115 |
| 2012 | Ester Óskarsdóttir | eoskarsdottir@gmail.com | 582-14-348 |
| 2013 | Unnar Hólm Ólafsson | unnarholm@gmail.com | 133-26-2151 |
| 2014 | Erla Signý Sigurðardóttir | erlasigny@gmail.com | 582-26-22014 |
| 2015 | Halla Björk Hallgrímsdóttir | hallabh@gmail.com | 582-26-3430 |
| 2016 | Kristine Laufey Sæmundsdóttir | kristinlaufey7@gmail.com | 582-26-3655 |
| 2017 | Bragi Magnússon | bragimagg@gmail.com | 582-14-1017 |
| 2018 | Kristine Laufey Sæmundsdóttir | kristinlaufey7@gmail.com | 582-14-961 |
| 2019 | Thelma Rut Grímsdóttir | thelmarut90@gmail.com | 133-15-13584 |